

**267. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
miðvikudaginn 20. ágúst 2025 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Liv Aase Skarstad varaformaður, Þórður Guðjónsson aðalmaður, Ívar Orri Kristjánsson áheyrnarfulltrúi, Vilborg Guðný Valgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Ingunn Sveinsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Íris Guðrún Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Maren Ósk Elíasdóttir verkefnastjóri, Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri, Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri og Arnór Már Guðmundsson verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2508059 - Gjaldskrár 2026

Gjaldskrár málaflokka skóla- og frístundaráðs - fyrsta yfirferð í tengslum við vinnu við fjárhagsáætlun 2026.

Kristjana H. Ólafsdóttir fjármálastjóri fylgir málinu eftir.

Lagt fram.

Kristjana vikur af fundi.

2. 2505112 - Barnvænt sveitarfélag - lokaskýrsla og viðurkenning

Greinargerð UNICEF vegna úttektar á barnvænu samfélagi á Akranesi lögð fram til kynningar.

Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri og Ívar Orri Kristjánsson forstöðumaður Þorpsins sitja fundinn undir dagskrárliðum 2 og 3.

Skóla- og frístundaráð leggur áherslu á mikilvægi þess að tryggja verkefninu sjálfbæran framgang innan stjórnsýslunnar og leggur til að sviðsstjórar finni málinu viðeigandi farveg.

Skóla- og frístundaráð felur skóla- og frístundasviði og ungmennaráði að koma með tillögur að nýju verklagi um aðkomu ungmennaráðs að ákvörðunum er snerta börn og ungmenni í stjórnkerfi sveitarfélagsins.

3. 2508005 - Reglur um frístundaþjónustu fyrir fötluð börn

Staðið hefur yfir vinnu á skóla- og frístundasviði og velferðar- og mannréttindasviði við mótun reglna um frístundaþjónustu fyrir fötluð börn.

Skóla- og frístundaráð samþykkir drög að reglum um frístundaþjónustu fyrir fötluð börn. Reglurnar eru felldar inn í reglur Akraneskaupstaðar um félagsmiðstöðvar.

4. 2402297 - Leikskólamál - Valkostagreining

Fyrir liggur að þörf fyrir leikskólaláss í bæjarfélaginu mun aukast á næstu árum í

takt við stöðuga fjölgun íbúa. Útlit er fyrir að núverandi húsnæði leikskóla mun ekki fullnægja eftirspurn til framtíðar
Skóla- og frístundaráð tekur því til umræðu valkostagreiningu um framtíðarskipulag leikskólahúsnæðis.

Leikskólastjórnendurnir: Ingunn Sveinsdóttir, Vilborg Valgeirsdóttir, Íris G. Sigurðardóttir og Guðrún Bragadóttir sitja fundinn undir þessum dagskrárlið.

Valkostagreining sem unnin var í byrjun árs 2024 lögð fram. Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að vinna málið áfram í samstarfi við sviðsstjóra skipulags- og umhverfissráðs. Málið verður tekið fyrir að nýju á næsta fundi ráðsins.

Ingunn, Íris, Vilborg og Guðrún víkja af fundi.

5. 2402214 - Framkvæmdir við mannvirki á skóla- og frístundasviði - reglubundið yfirlit

Arnór Már Guðmundsson verkefnastjóri og Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri fóru yfir stöðu framkvæmda í stofnunum á skóla- og frístundasviði.

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir góða yfirferð.

Arnór Már og Alfreð Þór víkja af fundi.

6. 2201211 - Reglur um innritun í grunnskóla Akraneskaupstaðar

Hafin er endurskoðun á reglum um innritun í grunnskóla Akraneskaupstaðar.

Skóla- og frístundaráð stefnir að því að ljúka endurskoðun reglnanna í lok janúar 2026.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.